

Fjórði fundur Delta deildar þann 18. mars 2010. Fundurinn haldinn í Borgarbókasafni Reykjavíkur, í fundarsal á 4. hæð og hófst kl. 17.30.

1. Formaður setti fundinn og bað Kristínu Thorlacius að kveikja á kertunum, vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Þá var fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
3. Formaðurinn okkar Ingibjörg Adda minnti á Vorþing Landssambandsins, sem haldið verður í Mosfellsbæ, Lágafellsskóla 17. apríl (laugardagur). Yfirskrift Vorþingsins er : **Góðir hlutir gerast**. Formaður flutti kveðjur frá fjarstöddum félagskonum og bað síðan Jónínu Eiríksdóttur að flytja “Mér er efst í huga”.
4. Jónína sagði að mikil óreiða væri í öllum sínum hugsunum um þessar mundir. Óvissa er í hennar starfsumhverfi og í þjóðfélaginu öllu en það setur rót á allan þankagang. Rifjaði síðan upp góðar minningar frá æskuheimilinu sínu, sagði frá bókasafnanum föður sínum og góðvini hans Guðmundi G. Hagalín, rithöfundi og fyrrum bókafulltrúa ríkisins. Í lokin las Jónína kvæðið Bókagleypir eftir Þórarinn Eldjárn. Að þeim lestri loknum vorum við allar hressar og kátar.
5. Nú var komið að gestafyrirlesaranum, Kristín R. Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri í Borgarbókasafni. Hún kynnti sig og sagði frá verkefnum sem hún hefur unnið að í Borgarbókasafni, fjölmennningarleg verkefni. Kristín var ráðin á Borgarbókasafn fyrir 2 árum sem verkefnastjóri fjölmenningar. Markmið starfsins er meðal annars að stuðla að gagnkvæmri félagslegri aðlögun, skilningi og virðingu sem nauðsynleg er í fjölmennningarlegu samfélagi, rjúfa einangrun og auka færni í íslensku. Kristín hefur unnið frumkvöðlastarf í safninu af smitandi elju og meðal annars efnt til samvinnu við ýmis félagasamtök og stofnanir . Nýlega hefur verið gefin út skýrsla um verkefni Kristínar og sagði hún okkur frá innihald skýrslunnar, *Fjölmennningarleg verkefni í Borgarbókasafni*. Skýrsluna má sjá á vef Borgarbókasafnsins. Kristín var tilnefnd til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins fyri starfs sitt. Flott verkefni og ótrúlegt hverju Kristín hefur komið í verk á stuttum tíma.
6. Um kl 19.00 lauk eiginlegum fundarstörfum og fundarkonur skunduðu á Tapas barinn til að fá sér að snæða. Meðan við biðum eftir að fá matinn á borð borinn, spiluðum við happdrættir okkar. Helga Gunnarsdóttir var sú heppna í þetta sinnið. Það með lauk ánægjulegum fundi.

Fundarritari Halldóra Jónsdóttir